



Siðareglur HSÍ

Siðareglur þessar eiga við um alla aðila innan HSÍ og aðildarfélaga og í öllu starfi og viðburðum sem skipulagðir eru af handknattleikshreyfingunni.

A. Almenn

1. Vertu til fyrirmyndar í framkomu, innan vallar sem utan, og sýndu háttvísi og heilindi gagnvart sjálfum þér og öðrum.
2. Sýndu jákvæða hegðun, heiðarleika og framkomu í garð allra þátttakenda og stuðlaðu að slíku í fari annarra. Sýndu aldrei og spornaðu gegn óíþróttamannslegri, ógnandi og/eða niðurlægjandi hegðun.
3. Sýndu öllum þátttendum leiksins virðingu hvort sem um er að ræða andstæðingum, dómurum, starfsmönnum, meðspilurum, áhorfendum eða öðrum sem þátt taka í handknattleik.
4. Ekki er heimilt að þiggja gjafir eða hlunnindi sem geta leitt til þess að rýra trúverðugleika, sjálfstæði eða hlutleysi.
5. Óheimilt er öllum að misnota valdastöðu sína eða hvers konar yfirburði sem viðkomandi kann að hafa yfir öðrum.
6. Gættu jafnræðis og varastu að misbjóða virðingu einstaklinga eða hópa t.d. hvað varðar kyn, kynþátt, þjóðernisuppruna, trú, lífsskoðun, fötlun, félagslega stöðu, aldur, kynhneigð, kynvitund, kyneinkenni eða kyntjáningu á öllum sviðum samfélagsins. Allri mismunun er hafnað.
7. Hvers konar kynferðislegri eða kynbundinni áreitni, einelti, ofbeldi eða annarri vanvirðandi framkomu er hafnað.
8. Öllum sem taka þátt í leikjum á vegum HSÍ er óheimilt að taka þátt í veðmálum, fjárhættuspilum eða þess háttar vegna leikja eigin félags eða atvik í þeim leikjum með beinum eða óbeinum hætti. Jafnframt er öllum þessum aðilum bannað að veita öðrum upplýsingar, sem ekki eru opinberar, í þeim tilgangi að hafa áhrif á veðmál.
9. Óheimilt er að neyta ólöglegra lyfja eða efna sem bönnuð eru skv. alþjóðareglum.



B. Stjórnarmenn, starfsfólk, þjálfarar og aðrir sem koma fram fyrir hönd HSÍ.

1. Standa vörð um gildi, hagsmuni og markmið HSÍ.
2. Taka ábyrgð sína gagnvart HSÍ, ÍSÍ, alþjóðasamtökum og aðildarfélögum alvarlega.
3. Leggja áherslu á lýðræðislega og gegnsæja ákvarðanatöku og vinnubrögð. Leggja sig fram um að virkja sem flesta til starfa fyrir hreyfinguna og halda félagsmönnum og öðrum hagsmunaaðilum vel upplýstum um framgang þeirra verkefna sem unnið er að.
4. Stuðla að jöfnum tækifærum allra til þátttöku í starfsemi HSÍ.
5. Leysa úr ágreiningi á sanngjarnan og málefnalegan hátt og til samræmis við reglur og venjur HSÍ.
6. Nota aldrei aðstöðu sína til að koma eigin hagsmunum á framfæri á kostnað HSÍ eða aðildarfélaga.
7. Öllum sem koma fram fyrir hönd HSÍ er óheimilt að taka þátt í veðmálum, fjárhættuspilum, happdrætti eða þess háttar vegna allra leikja eða atvik í leikjum á vegum HSÍ með beinum eða óbeinum hætti.
8. Gæta trúnaðar og þagmælsku en þó innan takmarkana lögboðinnar tilkynningarskyldu.
9. Vinna með öðrum aðilum innan HSÍ að því markmiði að bæta árangur, stuðla að framförum og auka veg íþróttarinnar í heild.

Samþykkt af ársþingi HSÍ 2019